

Mál nr. 148/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Greiðslukortatrygging

Gildissvið váttryggingar. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot móttakið 2. maí 2025, ásamt fylgiskjöllum.
2. Athugasemdir V, dags. 30. maí 2025, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Í málskoti upplýsir M að hún hafi lent í slysi á ferðalagi erlendis 9. mars 2023 og sótt um slysabætur rafrænt hjá V 30. apríl 2024. Hafi þeirri beiðni verið hafnað þar sem meira en ár hafi verið liðið frá slysinu. M sem færir rök fyrir því að gildar ástæður hafi verið fyrir því að slysið var ekki tilkynnt fyrir, óskar eftir því að nefndin endurskoði höfnun V. Í málskotinu upplýsir M að slysið hafi atvikast þannig að öflug alda hafi skolið á sér með þeim afleiðingum að hún hafi dottið, öklabrotnað og ekki getað staðið upp. Hafi það orðið sér til lífs að þeir sem voru nærri gátu bjargað henni. Hafi þessi lífreynsla orðið sér mikið áfall sem hún sé enn þá að vinna úr. Þá hafi spítalavistin í framhaldi af slysinu orðið sér erfið. Upplýsir M m.a. að síðast liðin tvö ár hafi hún verið að vinna úr áfallinu og m.a. leitað til sálfræðinga. Vísar M í meðfylgjandi „vottorð“ sálfræðings. Ef frá er talið málskotið leggur M einungis fram í málinu tölvupósta frá tveimur sálfræðingum sem báðir staðfesta að hafa hitt M fjórum sinnum vegna afleiðinga slyss hennar á Spáni 2023. Þá liggja fyrir fjórir reikningar frá árinu 2024 vegna sálfræðipjónustu þar sem kostnaður M var samtals kr. samtals 1.595 danskar krónur.

Í athugasemd frá V til nefndarinnar, dags. 30. maí 2025, er bótakröfu M úr greiðslukortatryggingu hafnað. Rök V eru m.a. þau að samkvæmt gr. 9.3.1 í þeim skilmálum sem giltu um trygginguna glati váttryggður rétti til bóta ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á. Þá vísar V jafnframt til 1. mgr. 124. gr. laga nr. 30/2004 máli sínu til stuðnings. Þessu til viðbótar bendir V á að skv. töluliðum 4.3 til 4.7 í skilmálum fyrir greiðslukortatrygginguna fæst hvorki greiddur kostnaður við meðferð eða eftirmeðferð á Ísland eða í dvalarlandi eða sjúkrareikningar sem berast eftir að tólf mánuðir eru liðnir frá váttryggingaratburði. Telur V með vísan í framangreint að M eigi ekki rétt til bóta úr greiðslukortatryggingunni.

Álit.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort M eigi rétt til bóta úr greiðslukortatryggingu hjá V. Eins og að framan greinir eru gögn þau sem M leggur fram í málinu af skornum skammti. Ef frá er talin frásögn M í málskoti liggja eingöngu fyrir upplýsingar um kostnað M vegna þjónustu sálfræðinga, samtals 1.595 danskar krónur. Að öðru leyti hefur M ekki fært fram nein rök eða lagt fram gögn sem sýnt gætu fram á að hún hafi orðið fyrir frekara tjóni og jafnvel þó að svo væri hvers vegna það ætti að fást bætt úr greiðslukortatryggingunni. Ljóst er af tilvísunum í þegar nefndar greinar í skilmálum fyrir greiðslukortatryggingu að framangreindur sálfræðikostnaður fæst ekki bættur úr tryggingunni. Nefndin telur því að M hafi ekki sýnt fram á að hún hafi orðið fyrir einhverju því tjóni sem hún eigi rétt á að fá bætt úr greiðslukortatryggingu hjá V vegna slyss sem hún segist hafa orðið fyrir 9. mars 2023.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr greiðslukortatryggingu hjá V.

Reykjavík, 16. september 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson
Óskarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða